

Tillaga um breytingu á samþykktum LÍFBANK

Við greinar 2.1. og 2.2 verði þannig (breytingr merktar með gulu)

2.1 Stjórn sjóðsins ber ábyrgð á starfsemi hans og skal hafa með höndum almennt eftirlit með rekstri bókhaldi og ráðstöfun eigna skv. 29. gr. laga nr. 129/1997. Skal hún skipuð sex mönnum. Skal einn tilnefndur af Landsbanka, annar tilnefndur af Seðlabanka Íslands og þriðji kosinn af aðildarfyrirtækjum sjóðsins og eru fulltrúar allra aðildarfyrirtækja kjörgengir í þeirri kosningu. Atkvæðagreiðsla fer fram samkvæmt 7. gr. Þrír stjórnarmenn skulu kjörnir af sjóðfélögum á ársfundi sjóðsins, þar af skal formannsefni sjóðfélaga kosið sérstaklega í skriflegri kosningu. Aðilar skulu tilnefna eða kjósa jafnmarga menn til vara. Skulu varamenn fulltrúa sjóðfélaga kjörnir í þeirri röð sem þeir taka sæti aðalmanna í stjórn.

2.2 Tilkynningar um framboð vegna stjórnarkjörs, ásamt upplýsingum um starfsferil, skulu berast skriflega til skrifstofu sjóðsins eigi síðar en tveimur vikum fyrir ársfund. Framboð til stjórnar skulu kynnt á heimasíðu sjóðsins strax og þau liggja fyrir. Kjörtímabil stjórnarmanna er 2 ár. Stjórnin skiptir með sér verkum en formaður skal kosinn af sjóðfélögum sbr grein 2.1. Um hæfi stjórnarmanna fer skv. 31. gr. laga nr. 129/1997 með síðari breytingum.

Rvk. 21/2.17

Hóroar E. Jónsson
Pinnipó'fynn
D. H. Pinnipó'fynn
Haupt

Hóroar E. Jónsson
Sig. Ö. Þorvaldsson
Ásdís Gunnarsdóttir
B. Þ. Jónsson